

**Straumur sjóðir hf.**

**Ársreikningur  
2015**

Straumur sjóðir hf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

kt. 430713-0940

# Efnisyfirlit

---

<b>Ársreikningur 2015</b>	Bls.	<b>B - hluti</b>	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3	<b>Verðbréfasjóðir</b>	
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Rekstrarreikningur .....	13
<b>A - hluti</b>		Efnahagsreikningur .....	14
Rekstrarreikningur .....	5	Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum .....	15
Efnahagsreikningur .....	6	Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2015 .....	16
Sjóðstreymisyfirlit .....	7	Skýringar .....	17
Skýringar .....	8	<b>Fagfjárfestasjóðir</b>	
		Rekstrarreikningur .....	20
		Efnahagsreikningur .....	21
		Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum .....	22
		Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2015 .....	23
		Skýringar .....	24

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað á árinu 2013 og er tilgangur þess rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Félagið fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag í skilningi laga nr.161/2002, um fjármálafyrirtæki, í júlí 2014.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða og fagfjárfestingsjóða sem voru í rekstri félagsins á árinu. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í árslok 2015 voru tveir sjóðir í rekstri hjá félaginu. Einn verðbréfasjóður, Straumur Ríki og einn fagfjárfestingsjóður, Straumur Lausi. Heildareignir sjóðanna námu 25,9 millj. kr. í lok árs 2015.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 19,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok árs nam 38,5 millj. kr. Eiginfjárhlutfall félagsins reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 36,0% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.

Einn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu 2015.

Hlutfé félagsins í árslok nam 75.000.000 kr. og var 99,99% í eigu Kviku banka hf. Straumur eignarhaldsfélag ehf. á 0,01% hlut. Frekari upplýsingar um hluthafa félagsins eru í skýringu 12.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Yfirlýsing um stjórnarhætti

Stjórn félagsins hefur samþykkt yfirlýsingu um stjórnarhætti í samræmi við 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Yfirlýsingin er birt í heild sinni á vefsíðu félagsins, [www.straumursjodir.is](http://www.straumursjodir.is).

Yfirlýsingin byggir á Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf., 5. útgáfa maí 2015 (hér eftir nefndar „leiðbeiningarnar“), og eru aðgengilegar á [www.vi.is](http://www.vi.is), en tekur tillit til þeirra sérstöku laga og reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki. Í yfirlýsingunni er m.a. getið frávik frá leiðbeiningunum, sem helgast fyrst og fremst af því hve hluthafar eru fáir, farið yfir uppbyggingu áhættustýringar og innra eftirlits og þær ráðstafanir sem gerðar eru til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Einnig er þar að finna upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og verkaskiptingu þeirra á milli, auk upplýsinga um undirnefndir stjórnar.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Stjórn og framkvæmdastjóri Straums sjóða hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 15. febrúar 2016

Stjórn:



Arna Grímsdóttir, stjórnarformaður




Gunnar Örn Petersen



Alma Tryggvadóttir

Framkvæmdastjóri:



Hersir Sigurgeirsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Straums sjóða hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Straums sjóða hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta sem er fyrir rekstrarfélagið og B-hluta sem er fyrir verðbréfasjóði og fagfjárfestastjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Straums sjóða hf. gefi glögga mynda af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 15. febrúar 2016

KPMG ehf.



# Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslu- og árangurstengd þóknun .....		398.545	169.716
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	4	<u>1.933.115</u>	<u>1.466.186</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<u>2.331.660</u>	<u>1.635.902</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	21.233.350	21.002.619
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>4.871.270</u>	<u>2.509.588</u>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>26.104.620</u>	<u>23.512.207</u>
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b> .....		( 23.772.960)	( 21.876.305)
Tekjuskattur .....		<u>4.751.032</u>	<u>4.371.701</u>
<b>Tap ársins</b> .....		<u>( 19.021.928)</u>	<u>( 17.504.604)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6,7	25.879.916	35.288.550
Viðskiptakröfur á sjóði .....		10.036	164.351
Skatteign .....	9	9.122.733	4.371.701
Aðrar eignir .....		490.075	1.601.473
Handbært fé .....		4.195.645	19.858.609
<b>Eignir samtals</b>		<u>39.698.405</u>	<u>61.284.684</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	8	75.000.000	75.000.000
Ójafnað eigið fé .....		( 36.538.372)	( 17.516.444)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>38.461.628</u>	<u>57.483.556</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		93.000	140.842
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.143.777	3.660.286
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.236.777</u>	<u>3.801.128</u>
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>39.698.405</u>	<u>61.284.684</u>

# Sjóðstreymisyfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	8	( 19.021.928)	( 17.504.604)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbreytingar á verðbréfum .....	4	( 1.591.367)	( 288.550)
Tekjuskattur .....		( 4.751.032)	( 4.371.701)
Veltufé til rekstrar		( 25.364.327)	( 22.164.855)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		1.265.713	( 1.715.402)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 2.564.351)	3.801.128
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		( 1.298.638)	2.085.726
Handbært fé til rekstrar		( 26.662.965)	( 20.079.129)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt verðbréf .....		0	( 35.000.000)
Seld verðbréf .....		11.000.001	0
Fjárfestingarhreyfingar		11.000.001	( 35.000.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutfé .....	8	0	50.000.000
Fjármögnunarhreyfingar		0	50.000.000
Lækkun á handbæru fé .....		( 15.662.964)	( 5.079.129)
Handbært fé í ársbyrjun .....		19.858.609	24.937.738
Handbært fé í lok ársins .....		4.195.645	19.858.609

# Skýringar

## 1. Félagið

Straumur sjóðir hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík.

Félagið er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Félagið er dótturfélag Kviku banka hf., sem hefur aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum, að því undanskildu að verðbréf eru metin á gangvirði.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### a. Umsýslu- og árangurstengd þóknun

Félagið fær umsýslu- og árangurstengda þóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Þóknunin reiknast ýmist sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna eða sem hlutfall af hagnaði sjóðanna og inniheldur markaðs- og umsýslukostnað.

### b. Viðskiptakröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta.

### c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### d. Verðbréf

Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangverði í lok árs. Óskráð verðbréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu gangverði ef það er talið lægra. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gildi á markaðnum í lok desember 2015.

### e. Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Í árslok var skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps hærri en tekjuskattsskuldbinding af efnahagsliðum og því er skatteign færð til eignar.

## Rekstrarreikningur

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast sem hér segir:

	2015	2014
Vaxtatekjur og verðbætur .....	346.168	1.183.527
Verðbreytingar á verðbréfum .....	1.591.367	288.550
Vaxtagjöld .....	( 4.420)	( 5.891)
	<u>1.933.115</u>	<u>1.466.186</u>



## Skýringar, frh.:

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast sem hér segir:

	2015	2014
Laun .....	17.620.028	14.874.533
Breyting á áunnu orlofi .....	( 1.141.458)	1.693.273
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	2.153.894	2.163.680
Fjársýsluskattur .....	1.088.430	938.391
Önnur launatengd gjöld .....	1.512.456	1.332.742
	<u>21.233.350</u>	<u>21.002.619</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu .....	1	1

### Efnahagur

### 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:

	2015	2014
Hlutdeildarskírteini		
Óskráð verðbréf .....	<u>25.879.916</u>	<u>35.288.550</u>

### 7. Hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini greinast sem hér segir:

Straumur Ríki .....	20.579.011	30.280.500
Straumur Lausi .....	5.300.905	5.008.050
	<u>25.879.916</u>	<u>35.288.550</u>

### 8. Eigið fé

#### a. Hlutfé

Hlutfé félagsins í lok tímabilsins nemur 75.000.000 kr. og er fjöldi hluta 75.000.000, hver að nafnvirði 1 króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

#### b. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2015 .....	75.000.000	( 17.516.444)	57.483.556
Tap ársins .....		( 19.021.928)	( 19.021.928)
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>75.000.000</u>	<u>( 36.538.372)</u>	<u>38.461.628</u>

## Skýringar, frh.:

### c. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall Straums sjóða hf., sem er reiknað samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er 36,0% en lögboðið lámark er 8,0%. Eigið fé má þó aldrei vera lægra en sem nemur EUR 125.000, sem samsvarar 18 millj. kr. miðað við gengi EUR þann 31. desember 2015. Hlutfallið reiknast þannig:

	2015	2014
Heildar eigið fé .....	38.461.628	57.483.556
Skatteign .....	( 9.122.733)	( 4.371.701)
Eiginfjárgrunnur samtals .....	29.338.895	53.111.855
Eiginfjárfrafa vegna útlánaáhættu .....	128.652	453.460
Eiginfjárfrafa vegna markaðsáhættu .....	0	0
Eiginfjárfrafa .....	128.652	453.460
Eiginfjárfrafa miðað við fastan rekstrarkostnað á ársgrundvelli .....	6.526.155	11.756.104
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall .....	36,0%	36,1%

Samkvæmt 84. grein laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs. Eiginfjárgrunnur Straums sjóða hf. var í lok ársins 117% af föstum rekstrarkostnaði ársins 2015.

### 9. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt vegna ársins 2015. Yfirfæranlegt tap félagsins nam 46 millj. kr. í árslok 2015 og er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2013, nýtanlegt til 2023 .....	11.840
Tap ársins 2014, nýtanlegt til 2024 .....	21.856.905
Tap ársins 2015, nýtanlegt til 2025 .....	23.755.160
	45.623.905

### Aðrar skýringar

#### 10. Launagreiðslur og mótframlag í lífeyrissjóð til framkvæmdastjóra og stjórnar

Launagreiðslur og mótframlag í lífeyrissjóð til framkvæmdastjóra og stjórnar greinast sem hér segir:

	2015	2014
Hersir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri (fyrrverandi formaður stjórnar) .....	5.588.000	330.000
Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar .....	2.365.000	825.000
Einar Oddsson, stjórnarmaður .....	1.968.840	0
Sigþór Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri .....	9.852.082	15.553.213
Hildur Árnadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður .....	0	330.000

Aðrir stjórnarmenn eru starfsmenn Kviku banka hf. og hafa ekki þegið laun fyrir störf sín fyrir félagið.

### 11. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar teljast vera hluthafar, sjóðir í umsjón félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og félag í þeirra eigu.

#### Stöður og viðskipti tengdra aðila eru eftirfarandi:

2015	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Móðurfélag .....	345.117	( 576.874)	3.804.409	( 93.000)
Sjóðir .....	398.545	0	25.889.952	0
	743.662	( 576.874)	29.694.361	( 93.000)
2014				
Móðurfélag .....	1.183.050	( 38.647)	19.766.934	0
Sjóðir .....	169.716	0	35.452.901	0
	1.352.766	( 38.647)	55.219.835	0

## Skýringar, frh.:

---

### 12. Hluthafar

Það eru tveir hluthafar í félaginu, Kvika banki hf., með 99,99%, og Straumur eignarhaldsfélag ehf., með 0,01%.  
Það eru 92 hluthafar í Kvikubanka hf. en enginn á meira en 10% í bankanum.

Verðbréfasjóðir  
Straums sjóða hf.

Ársreikningur  
2015

Straumur sjóðir hf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

kt. 430713-0940

## Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	Straumur Ríki 2015	Straumur Ríki 2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur .....		2.018.731	414.183
Gengismunur .....		( 364.140)	48.116
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<u>1.654.591</u>	<u>462.299</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýslupóknun .....		153.314	127.946
Viðskiptaþóknunir .....		40.407	45.298
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>193.721</u>	<u>173.244</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>1.460.870</u>	<u>289.055</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	Straumur Ríki 2015	Straumur Ríki 2014
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	3-5	19.878.220	91.050.010
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>19.878.220</u>	<u>91.050.010</u>
Handbært fé .....		708.713	4.361.631
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<u>708.713</u>	<u>4.361.631</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>20.586.933</u>	<u>95.411.641</u>
<b>Skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....		20.578.244	95.289.060
<b>Hlutdeildarskírteini samtals</b>		<u>20.578.244</u>	<u>95.289.060</u>
Viðskiptaskuldir .....		8.689	122.581
<b>Aðrar skuldir samtals</b>		<u>8.689</u>	<u>122.581</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>20.586.933</u>	<u>95.411.641</u>

## Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum árið 2015

	Skýr.	Straumur Ríki 2015	Straumur Ríki 2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		1.460.870	289.055
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		0	95.000.005
Innleyst hlutdeildarskírteini .....		( 76.171.686)	0
Fjármögnunarhreyfingar		( 76.171.686)	95.000.005
<b>Breyting á hreinni eign .....</b>		<b>( 74.710.816)</b>	<b>95.289.060</b>
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>		<b>95.289.060</b>	<b>0</b>
<b>Hlutdeildarskírteini í árslok .....</b>		<b>20.578.244</b>	<b>95.289.060</b>

## Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2015

	Skýr.	Straumur Ríki 2015	Straumur Ríki 2014
<b>Bókfært virði</b>			
Íbúðabréf og húsbref .....		10.523.543	24.977.724
Ríkisbref og spariskírteini .....		9.354.677	66.072.286
<b>Verðbref með föstum tekjum</b>	3-5	<u>19.878.220</u>	<u>91.050.010</u>
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		19.878.220	91.050.010
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		0	0
<b>Óskráðar fjárfestingar samtals</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>19.878.220</u>	<u>91.050.010</u>
<b>Bókfært virði</b>			
Íbúðabréf og húsbref .....		52,9%	27,4%
Ríkisbref og spariskírteini .....		47,1%	72,6%
<b>Verðbref með föstum tekjum</b>		<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		100,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		0,0%	0,0%
<b>Óskráðar fjárfestingar samtals</b>		<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>



# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur verðbréfasjóða Straums sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru metin á gangvirði.

Sjóðirnir eru í umsjá Straums sjóða hf., sem er dótturfélag Kviku banka hf., og eru hluti af samstæðureikningi Kviku banka og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

#### b. Verðbréf

Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangverði í lok desember 2015. Óskráð verðbréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

#### c. Þóknanir

##### Umsýsluþóknun:

Sjóðirnir greiða Straumi sjóðum hf. umsýsluþóknun sem innifelur rekstrarkostnað sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér segir:

	Þóknun
Straumur Ríki .....	0,5%

Sjóðirnir greiða auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu. Kostnaður vegna endurskoðunar er greiddur af Straumi sjóðum hf.

##### Árangurstengd þóknun:

Sjóðirnir greiða einnig árangurstengda þóknun sem reiknast af daglegri ávöxtun sjóðanna. Í tilfalli Straums Ríka nemur hún 15% af ávöxtun umfram ákveðið viðmið. Viðmiðið er skilgreint í reglum sjóðsins.

#### d. Skattamál

Sjóðirnir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlaun.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

#### e. Skammtímalán

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði er sjóðum óheimilt að taka lán nema til að fjármagna innlaun hlutdeildarskírteina, og þá einungis til skamms tíma. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af eignum sjóðanna. Engin lán eru til staðar hjá sjóðunum.

#### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Skýringar, frh.:

### Fjárfestingar

#### 3. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Straumur Ríki	Fjárfestingar		Fjárfestingastefna	
	2015	2014	Lágmark	Hámark
Skuldabréf útgefin af ríkinu eða með ríkisábyrgð .....	100,0%	100,0%	70,0%	100,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	0,0%	0,0%	0,0%	20,0%
Afleiður þar sem undirliggjandi eign er með ríkisábyrgð .....	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%

#### 4. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar sjóða þann 31. desember 2015 sundurliðast sem hér segir:

Straumur Ríki	Skuldabréf	Hlutabréf	Hlud.skirt.	Annað	Samtals
Skráð verðbréf önnur en peningamarkaðsskjöl .....	19.878.220	0	0	0	19.878.220
<b>Samtals</b>	<b>19.878.220</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>19.878.220</b>
Þar af útgefið af eða með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga .....	19.878.220	0	0	0	19.878.220

#### 5. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Fjárfestingar sjóða þann 31. desember 2015 sundurliðast sem hér segir:

Straumur Ríki	Skuldabréf	Hlutabréf	Hlud.skirt.	Annað	Samtals
Skráð verðbréf önnur en peningamarkaðsskjöl .....	100%	0%	0%	0%	100%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>0%</b>	<b>100%</b>
Þar af útgefið af eða með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga .....	100%	0%	0%	0%	100%

### Hlutdeildarskírteini

#### 6. Raunávöxtun

Raunávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Straumur Ríki .....	0,7%	4,2%	4,7%

#### 7. Bókfært verðmæti

Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina hefur þróast frá stofnun 30.10.2014 sem hér segir:

	31.12.2015	31.12.2014	30.10.2014
Straumur Ríki .....	20.578.244	95.289.060	95.000.005

#### 8. Gengi

Gengi hlutdeildarskírteina er í árslok sem hér segir:

Straumur Ríki .....	10,77	10,09	10,00
---------------------	-------	-------	-------

Fagfjárfestasjóðir  
Straums sjóða hf.

Ársreikningur  
2015

Straumur sjóðir hf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík

kt. 430713-0940

# Rekstrarreikningur 2015

	Skýr.	Straumur Lausi 2015	Straumur Lausi 2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur .....		4.308.134	600.797
Gengismunur .....		117.495	39.667
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<u>4.425.629</u>	<u>640.464</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýslubóknun .....		245.231	41.770
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<u>245.231</u>	<u>41.770</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>4.180.398</u>	<u>598.694</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	Straumur Lausi 2015	Straumur Lausi 2014
<b>Eignir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....		0	50.039.667
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		5.169.545	454.920.919
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>3-5</b>	<u>5.169.545</u>	<u>504.960.586</u>
Handbært fé .....		129.068	679.878
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<u>129.068</u>	<u>679.878</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.298.613</u>	<u>505.640.464</u>
<b>Skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	<b>6-8</b>	5.297.266	505.598.694
<b>Hlutdeildarskírteini samtals</b>		<u>5.297.266</u>	<u>505.598.694</u>
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.347	41.770
<b>Aðrar skuldir samtals</b>		<u>1.347</u>	<u>41.770</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>5.298.613</u>	<u>505.640.464</u>

## Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum árið 2015

	Skýr.	Straumur Lausi 2015	Straumur Lausi 2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		4.180.398	598.694
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		0	505.000.000
Innleyst hlutdeildarskírteini .....		( 504.481.826)	0
Fjármögnunarhreyfingar		( 504.481.826)	505.000.000
<b>Breyting á hreinni eign .....</b>		( 500.301.428)	505.598.694
<b>Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....</b>		505.598.694	0
<b>Hlutdeildarskírteini í árslok .....</b>		5.297.266	505.598.694

## Yfirlit yfir fjárfestingar 31. desember 2015

	Skýr.	Straumur Lausi 2015	Straumur Lausi 2014
<b>Bókfært virði</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	3-5	0	50.039.667
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum</b>		0	50.039.667
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		0	50.039.667
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	3-5	5.169.545	454.920.919
<b>Óskráðar fjárfestingar samtals</b>		5.169.545	454.920.919
<b>Fjárfestingar samtals</b>		5.169.545	504.960.586
<b>Bókfært virði</b>			
Hlutdeildarskírteini .....		0,0%	9,9%
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum</b>		0,0%	9,9%
<b>Skráðar fjárfestingar samtals</b>		0,0%	9,9%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		100,0%	90,1%
<b>Óskráðar fjárfestingar samtals</b>		100,0%	90,1%
<b>Fjárfestingar samtals</b>		100,0%	100,0%

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur fagfjárfestastjóða Straums sjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningskilum að því undanskildu að verðbréf eru metin á gangvirði.

Sjóðirnir eru í umsjá Straums sjóða hf., sem er dótturfélag Kviku banka hf., og eru hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### a. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta.

#### b. Verðbréf

Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á gangverði í lok desember 2015. Óskráð verðbréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau eru keypt á eða áætluðu gangverði ef það er talið lægra. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

#### c. Umsýsluþóknun

Sjóðirnir greiða Straumi sjóðum hf. umsýsluþóknun sem innifelur rekstrarkostnað sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér segir:

	Þóknun
Straumur Lausi .....	0,3%

Sjóðirnir greiða auk þess beinan kostnað er fellur til vegna rekstrar og umsýslu. Kostnaður vegna endurskoðunar er greiddur af Straumi sjóðum hf.

#### d. Skattamál

Sjóðirnir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

#### e. Skammtímalán

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði er sjóðum óheimilt að taka lán nema til að fjármagna innlausn hlutdeildarskírteina, og þá einungis til skamms tíma. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af eignum sjóðsins. Engin lán eru til staðar hjá sjóðnum.

#### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.



## Skýringar, frh.:

### Fjárfestingar

#### 3. Fjárfestingastefna og hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Straumur Lausi	Fjárfestingar		Fjárfestingastefna	
	2015	2014	Lágmark	Hámark
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	100,0%	90,1%	0,0%	100,0%
Skuldabréf útgefin af ríkinu eða með ríkisábyrgð .....	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
Hlutdeildarskírteini sjóða sem fjárfesta í fjármálagerningum með ríkisábyrgð .....	0,0%	9,9%	0,0%	50,0%

#### 4. Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar sjóða þann 31. desember 2015 sundurliðast sem hér segir:

##### Straumur Lausi

	Skuldabréf	Hlutabréf	Hludt.skírt.	Annað	Samtals
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ....	0	0	0	5.169.545	5.169.545
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5.169.545</b>	<b>5.169.545</b>
Þar af útgefið af eða með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga ....	0	0	0	0	0

#### 5. Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Fjárfestingar sjóða þann 31. desember 2015 sundurliðast sem hér segir:

##### Straumur Lausi

	Skuldabréf	Hlutabréf	Hludt.skírt.	Annað	Samtals
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum ....	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%
<b>Samtals</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>
Þar af útgefið af eða með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga ....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

### Hlutdeildarskírteini

#### 6. Raunávöxtun

Raunávöxtun hlutdeildarskírteina var sem hér segir:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Straumur Lausi .....	2,1%	2,6%	3,8%

#### 7. Bókfært verðmæti

Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina hefur þróast frá stofnun 8.12.2014 sem hér segir:

	31.12.2015	31.12.2014	08.12.2014
Straumur Lausi .....	5.297.266	505.598.694	0

#### 8. Gengi

Gengi hlutdeildarskírteina hefur þróast frá stofnun 8.12.2014 sem hér segir:

	31.12.2015	31.12.2014	08.12.2014
Straumur Lausi .....	10,59	10,02	10,00